

**117** Höskuldsstaðaprestakalls og Hofsprestakalls í sama prófastsdæmi. Jafnframt felst  
29. ágúst stjórnarráðið á það, að sóknarpresturinn í Bergstaðaprestakalli sira D. K. Ludvig Knudsen og sóknarpresturinn í Höskuldsstaðaprestakalli sira Jón Pálsson njóti frá fardögum síðastliðnum launa eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

**118** Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um  
31. ágúst breytingu á ákvæðunum um skiftingu Rauðasandshrepps.

Með brjefi, dags. 14. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Patrekshreppi og Rauðasandshreppi um breyting á ákvæðum þeim, sem sett eru í brjefi stjórnarráðsins, dags. 20. apríl f. á., um skiftingu hins forna Rauðasandshrepps í hina tvo nefndu hreppa, ásamt meðmælum hlutadeigandi sýslunefndar með því, að umrædd breyting verði gerð.

Útaf þessu er hjermeð samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 gerð svofeld breyting á reglum þeim, sem settar eru í framannefndu brjefi stjórnarráðsins undir 3. tölul., um skifting eigna, skulda og sveitarþyngsla, að alþýðustyrktarsjóði hins forna Rauðasandshrepps skuli skift jafnt milli hinna nýju hreppa og að þeim íbúum hins forna Rauðasandshrepps, sem eigi höfðu þegið sveitarstýrk áður en honum var skift, en síðar verða styrksþurfar, skuli framfleytt í þeim hinna nýju hreppa, er þeir áttu heimilisfang í, þegar skiftin fóru fram.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.

**119** Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um skilning á  
14. okt. lögum um farandsala og umboðssala frá 22. nóvbr. 1907.

Í brjefi, dags. 2. júní þ. á., hafa kaupmenn þeir hjer í bænum, sem vín-söluleyfi hafa, kært það, að þjer, herra bæjarfógeti, hinn 30. maí þ. á. hafið selt L. J. Petersen frá Kaupmannahöfn leyfisbrjef sem farandsala fyrir þrjú vinsöluhús þar og álita þeir, að með þessu sje brotinn rjettur á sjer og byggja það á ákvæðum laga um verslun og veitingu áfengra drykkja 11. nóvbr. 1899. Þjer hafið aftur á móti í brjefi, dags. 11. júní þ. á., haldið því fram, að yður hafi eigi verið heimilt að synja honum um leyfisbrjefið, með því að lög um farandsala og umboðssala 22. nóvbr. f. á. gefi ekkert tilefni til að gera neinn greinarmun eftir því, hverjar vörutegundir sjeu hafðar á boðstólum og jafnvel eigi til að rannsaka,

hverjar þær sju og að, ef sú hefði verið tilætluin, að lögin skyldu eigi ná til þeirra manna, sem reka umboð fyrir vinsala, hefði verið full ástæða til að taka það fram í lögnum, ástæðunum fyrir þeim eða umræðunum um þau á alþingi, en að það sjáist eigi að svo hafi varið. Ennfremur skýrið þjer frá, að umboðssalar, er höfðu vin á boðstólum, hafi alloft komið hjer eftir að lögin 11. nóvember 1899 öðluðust gildi og rekið erindi sitt óátalið og án þess að vínfangakaupmenn bæru sig upp útaf því.

Samkvæmt 5. gr. laga um verslun og veitingra drykkja 11. nóvbr. 1899 virðist það engum efa bundið, að þeir farand- eða umboðssalar, sem vin hafa haft á boðstólum, eftir að lög þessi öðluðust gildi, án þess að greiða gjöld þau, sem áskilin eru í þessum lögum, hafi gert sig seka í ólöglegri verslun og það virðist eigi rjett að líta svo á, að nefnd lög um farandsala og umboðssala hafi breytt ákvæðum nefndrar greinar laganna um verzlun og veitingar áfengra drykkja, þvert á móti virðist það auðsætt bæði af orðalagi laganna um farand- og umboðssala, aðdraganda þeirra og undirbúningi á alþingi, að það alls eigi hafi verið tilgangur þeirra að veita farandsölum eða umboðssölum neinn nýjan rjett eða breyta eldri ákvæðum um verslun hjer á landi, heldur hitt, að binda þá atvinnu, sem þeir gátu rekið hjer löglega áður en lögin komu út, við ákveðin skilyrði, leggja á þá gjöld og koma á eftirliti með atvinnurekstri þeirra. Og með því, að þeir, eins og þegar er tekið fram, samkvæmt 5. gr. laga 11. nóv. 1899, höfðu eigi leyfi til að hafa vin á boðstólum, nema þeir hefðu sjálfir vinnverzlunarleyfi samkvæmt þessum lögum, hafa þeir eigi heldur þann rjett nú eftir að oftnefnd lög 22. nóvbr. 1907 öðluðust gildi. Þegar tekið er tillit til þess, að mismunurinn á gjaldi farand- eða umboðssala eftir búsetu þeirra stafar eigi af öðru en því, að þeir, sem eru búsettir hjer á landi, gjalda hjer venjuleg lögboðin gjöld, sjest það, að það væri óhæfilegt ósamræmi, ef hver sá innlendir kaupmaður, sem vill hafa umboðsverslun með vin, gæti komist hjá því að leysa hið lögboðna leyfi til vinsölu samkvæmt 5. gr. oftnefndra laga frá 1899 og komist í kringum ákvæði 5. gr. laganna, aðeins með því að nefna sig farand- eða umboðssala.

Það skiftir eigi máli í þessu efni þótt eigi sje gert að skyldu að rannsaka nákvæmlega hvaða vörur farandsalar og umboðssalar hafa á boðstólum, þar sem slíkt eigi á að vera tekið fram í leyfisbrjefinu, enda virðist það auðsætt, að leyfisbrjefið veitir eigi frekari rjett en þann, sem hin almenna verslunarlög-gjöf heimilar, og er það skylda hvers, sem leysir leyfisbrjef, að gæta þess að fara eigi út fyrir þessi takmörk, og á hinn bóginn ber lögreglustjórum eigi að selja slík leyfisbrjef, þegar þeim er kunnugt um, að sá farand- eða umboðssali, sem leyfisbrjef kaupir, einmitt ætlar að nota það á þann hátt, sem fer í bága við hina gildandi verslunarlög-gjöf.

Samkvæmt framangreindu er því farandsölum og umboðssölum óheimilt

**119** að hafa á boðstólum, selja eða útvega öðrum vínföng, enda þótt þeir hafi leyst  
14. okt. leyfisbrjef samkvæmt lögum 22. nóvbr. 1907.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir kærundunum.

**120** **Brjef stjórnarráðsins til umsjónarmanns fræðslumálda um hve-**  
15. okt. **nær niðurjöfnun skólagjalds skuli fram fara.**

Með brjefi, dagsettu 5. þ. m., hafið þjer, herra umsjónarmaður, látið uppi álit yðar útaf fyrirspurn skólanefndarinnar að Djúpavogi um það, hvenær niðurjöfnun skólagjalds eigi fram að fara, þar er hluti af hreppi er skólahjerað fyrir sig. Látið þjer þess getið, að lög um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907 hafi ekkert beint ákvæði að geyma um það, hvenær þessi niðurjöfnun skólagjaldsins eigi fram að fara, svo að hreppsnefnd virðist geta jafnað gjaldinu niður á þeim tíma, sem hún telur hentugan, en með því að svo sje kveðið á um í 30. gr. fræðslulaganna, að skólanefnd beri að afhenda sveitarstjórn áætlun »í tæka tíð« um kostnað við barnafræðsluna ár hvert, þá hljóti að vera svo til ætlast, að skólakostnaðinum verði jafnað niður að haustinu, samkvæmt áætluninni, ásamt öðrum sveitargjöldum, enda virðist það ekki mega seinna vera, ef skólanefnd eigi að hafa fjeð handbært á þeim tíma, er til þess þarf að taka til launa handa kennurum og til annara þarfa skólans. Hefði ekki verið svo til ætlast, að hreppsnefndin jafnaði fjenu niður fyrirfram, virtist ástæðulaust að gjöra ráð fyrir áætlun um kostnaðinn; það hefði þá verið nægilegt, að skólanefndin hefði á eftir gjört hreppsnefndinni reikning fyrir honum. Samkvæmt þessu segið þjer það skoðun yðar, að nauðsynlegt sje að niðurjöfnun skólakostnaðar fari fram á haustin svo tímanlega, að rekstur skólans hindrist ekki, og á þetta jafnt við, hvort er skólahjerað og hreppsfjelag fellur saman, eða skólahjerað er aðeins hluti af hreppsfjelagi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að stjórnarráðið felst með öllu á framangreinda skoðun yðar.

**121** **Brjef stjórnarráðsins til biskups um breytingar á nokkrum**  
20. okt. **prestaköllum í Barðastrandarprófastsdæmi samkvæmt lögum**  
**16. nóvbr. 1907, m. m.**

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, dagsettum 4. júní og 12. þ. m., veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess að breytingar þær komist nú þegar á skipun prestakalla, sem gjört er ráð fyrir í lögum 16. nóvbr. 1907 nr. 45 að verða eigi á Sauðlauksdalsprestakalli, Selárdalsprestakalli og Otrardalsprestakalli, þannig að skipunin verði þessi, sbr. 1. gr. nr. 59—61 (XII) fyr-